66
25. júní

LÖG
um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 45 4. júní 1957 um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, hef látið fella meginmál laganna nr. 45 1957 inn í lög nr. 81 1947 og gef lögin út svo breytt sem lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum:

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 2¼% af verði afurðanna.

Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en tekjur af þeim — samkvæmt 1. gr. — skiptast þannig milli eftirtalinna aðila:

a. Til Fiskveiðasjóðs skal verja 74% teknanna.
b. Til að standa straum af stofnkostnaði vegna rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skal verja 4%.
c. Til Landssambands ísl. útvegsmanna renni 4%.
d. Til Fiskimálasjóðs renni 18%.

3. gr.

Gjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldir, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

4. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða mismuninn.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í

hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. 66 25. júní

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, útfluttum árið 1957, skv. ákvæðum þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Endurprentuð blaðsíða.